

Ed. 451. Frumvarp til laga

um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Allur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal metinn af löggiltum matsmönnum og háður eftirliti þeirra. Undanskildar eru þó smásendingar 50 kg eða minni, sem sendar eru að gjöf.

Fisk, sem veiðiskip flytja til útlanda og þau hafa veitt sjálf, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land. Atvinnumálaráðuneytið getur þó sett reglur um slíkan útflutning, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra.

Atvinnumálaráðuneytið getur ákveðið, að mat fari fram á fiski, sem gengur kaupum og sölum innanlands.

2. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá mati, þegar svo stendur á, að reyndar eru nýjar verkunaraðferðir í tilraunaskyni. Um slíkar undanþágur skal leitað álits fiskmatsstjóra.

3. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja fisk úr landi, skal tilkynna það fiskmatsstjóra eða hlutaðeigandi yfirmatsmanni með hæfilegum fyrirvara. Útskipun, hleðsla og meðferð fisksins í útflutningsskipunum skal fara fram undir umsjón yfirmatsmanns eða löggilts hleðslustjóra.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð fiskmatsstjóra eða yfirmatsmanns.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fiskmatsstjóra og gefur honum erindisbréf. Skal hann hafa á hendi yfirstjórn alls fiskmats á landinu.

Fiskmatsstjóri skal hafa fulla þekkingu á meðferð og verkun á fiski, frá því fiskurinn er veiddur og þar til hann er fullgerð vara til útflutnings. Hann skal hafa vakandi auga á öllum nýjungum í meðferð, verkun og mati fiskafurða og skýra yfirfiskmatsmönnum og öðrum aðilum frá því, er að gagni má verða, svo og leiðbeina yfirmatsmönnum um störf þeirra og í samvinnu við þá stuðla að endurbótum á verkunaraðferðum fiskafurða og fylgjast með vöruvöndun. Honum er enn fremur skylt að ferðast um landið til eftirlits með framkvæmd matsins og til leiðbeininga.

Þá skal matsstjóri, í samráði við atvinnumálaráðherra, ferðast til þeirra landa, er kaupa afurðir héðan, til þess að kynna sér kröfur neytenda og nýjungar í framleiðsluháttum.

Fiskmálastjóri hefur úrskurðarvald um ágreining, er verða kann um fiskmat. Sé ágreiningurinn um vörugæði milli matsins annars vegar og framleiðenda eða annarra aðila hins vegar, má þó vísa honum til úrskurðar iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar yfirfiskmatsmenn, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra, og gefur þeim erindisbréf. Skulu þeir hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks.

Yfirfiskmatsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

6. gr.

Yfirfiskmatsmenn skulu vera sjö á landinu:

1. Einn yfirfiskmatsmaður á Vestfjörðum með búsetu á Ísafirði.
2. Einn yfirfiskmatsmaður á Norðurlandi með búsetu á Akureyri.
3. Einn yfirfiskmatsmaður á Austurlandi með búsetu á Seyðisfirði.
4. Einn yfirfiskmatsmaður í Vestmannaeyjum.
5. Þrjú yfirfiskmatsmenn á Suð-Vesturlandi með búsetu í Reykjavík. Skal einn þeirra hafa sérþekkingu á meðferð og verkun saltfisks og harðfisks, en annar sérþekkingu á meðferð og verkun freðfisks og öðru því, er lýtur að þeirri framleiðslu.

Yfirfiskmatsmenn skulu starfa undir stjórn fiskmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Fiskmatsstjóri getur kvatt yfirfiskmatsmann til starfa utan umdæmis hans, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur.

7. gr.

Yfirfiskmatsmennirnir skulu skyldir til þess að ferðast um landið og líta eftir og leiðbeina um verkun og meðferð fisks og hafa umsjón með hleðslu fisks í skip o. fl., eftir fyrirmælum fiskmatsstjóra. Skulu hleðslustjórar skyldir að hlíta fyrirmælum fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna um hleðslu skipa.

Yfirfiskmatsmenn skulu og fylgjast sem bezt með framleiðslu verkunarstöðva og leiðbeina matsmönnum eftir þörfum.

Fiskmatsstjóri, yfirmatsmenn eða matsmenn geta stöðvað fiskverkun, vinnslu eða útskipun, ef ekki hefur verið fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða annarra fyrirmæla um hráefni, verkun eða meðferð vörunnar.

8. gr.

Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, annarri en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að fiskverzlun, né heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta fisk til útflutnings eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski.

9. gr.

Ef yfirfiskmatsmaður tekst ferð á hendur til þess að annast fiskmatsstörf eða leiðbeiningar eftir sérstakri kröfu framleiðanda eða útflytjanda, skulu þeir greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeim erindum, hvort tveggja eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

10. gr.

Fiskmatsstjóri skal taka laun samkvæmt VI. launaflokki 1. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins.

Yfirfiskmatsmenn skulu taka laun samkvæmt X. launaflokki sömu laga.

Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn fá greiddan kostnað vegna ferða í þágu matsins samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðuneytið setur.

11. gr.

Sannist þær misfellur á vottorði fiskmatsstjóra eða yfirfiskmatsmanns, er álitá verður, að stafi af vitaverðu gáleysi eða vanrækslu, þer hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka, geti hann sannað, að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmenn ábyrgð á tjóninu. Auk ábyrgðarinnar má þá og svipta þá stöðu sinni eða löggildingu fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskmatsmanna og fiskmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

12. gr.

Á hverri fiskverkunar- eða vinnslustöð skal vera einn fiskmatsmaður eða fleiri, eftir því sem fiskmatsstjóri álitur þörf fyrir.

Fiskmatsmenn skulu hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks, eða hafa lokið prófi á námskeiði fyrir fiskmatsmenn, er atvinnu- málaráðuneytið setur reglur um.

Fyrirtæki þau eða einstaklingar, er flytja út farma af fiski, skulu skyld til þess að hafa hleðslustjóra með skipunum, er þau taka farm á fleiri höfnum en einni, enda starfi þeir, að því er metinn fisk snertir, undir umsjón fiskmatsstjóra og yfirmatsmanna, sbr. 3. gr. þessara laga.

Þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum, skal, þar sem þess er þörf í verstöð, fela fiskmatsmanni á þeim stað að hafa eftirlit með því, að ýmis ákvæði reglugerða samkvæmt lögum þessum séu haldin, svo sem ákvæði um aðgerð fisks, útbúnað fiskiskipa, áhöld og fleira, er varðar mat og meðferð fisks.

Lögreglustjóri löggildir, samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra, starfsmenn þá, sem um ræðir í þessari grein, og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

13. gr.

Kaup fiskmatsmanna fyrir starf þeirra við fiskmatið greiði eigendur fisksins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglum um störf fiskmatsmanna.

14. gr.

Til þess að tryggja sem bezt samræmi í mati á fiskafurðum, skal fiskmatsstjóri halda fundi með yfirmatsmönnum og matsmönnum, svo oft sem þurfa þykir. Á fundi þessa skal boða verzlunarerindreka landsins, er gefið geti upplýsingar og leiðbeiningar um kröfur markaðslanda vorra.

15. gr.

Fiskmatsstjóri skal sjá um, að tilraunir verði gerðar með nýjar aðferðir til verkunar á fiskafurðum, svo og til endurbóta á eldri aðferðum. Tilraunir þessar skal hann gera í samvinnu við eða undir umsjá Atvinnudeildar háskólans. Þá skal hann og sjá um, að rannsókuð verði hagnýti mismunandi aðferða, gildi byggingar- og einangrunarefna, nýting orku o. fl. varðandi verkun og vinnslu fiskafurða, einnig í samvinnu við sömu stofnun, svo að efni, vinna og orka nýtist sem bezt við framleiðsluna.

16. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að setja reglugerðir og fyrirmæli um meðferð á fiski, sem verkaður er til útflutnings, svo og um hráefni, tæki, vinnslustöðvar og útbúnað fiskiskipa. Ennfremur um verkun, umbúðir, mat, flutning og útflutning á fiski.

Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þessari grein, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim allt að 50 000 kr., er renni í rikissjóð.

17. gr.

Sá, sem flytur eða lætur flytja út fisk án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann, sæti 1 000 til 30 000 króna sektum í ríkissjóð, sbr. þó 1. mgr. 1. gr. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt nema allt að 60 000 kr.

Um mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, fer sem um almenn lögreglumál.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

19. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, eru lagðar niður eftirtaldar stöður:

1. Staða fiskimatsstjóra, sbr. lög nr. 7 9. jan. 1935.
2. Staða freðfisksmatsstjóra.
3. Stöður fimm yfirfiskimatsmanna samkvæmt 3. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.
4. Stöður fimm yfirfreðfisksmatsmanna.
5. Staða skreiðarmatsstjóra.

20. gr.

Frá því, er lög þessi kom til framkvæmda, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat, og lög nr. 9 1. febrúar 1936, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 7 9. jan. 1935, um fiskimatsstjóra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 4. desember s. l. skipaði sjávarútvegsmálaráðherra nefnd til þess að endurskoða og sameina lög og reglugerðir um mat á fiski, í samræmi við núverandi þarfir. Skyldi stefnt að því að koma á sem einfaldastri og um leið ódýrastri yfirstjórn á fiskmatið og að störf við matið yrðu sameinuð, eftir því sem frekast væri unnt. Í nefndina voru skipaðir Þorvarður K. Þorsteinsson stjórnarráðsfulltrúi, formaður, Sveinn Árnason fiskimatsstjóri, Bergsteinn Á. Bergsteinsson freðfisksmatsstjóri, Jón Auðunn Jónsson, fyrrv. alþingimaður, tilnefndur af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, og Björn G. Björnsson forstjóri, tilnefndur af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Enn fremur var Gísli Þorkelsson, deildarstjóri iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans, skipaður í nefndina hinn 17. s. m., og skyldi nefndin þá jafnframt athuga möguleika á því að sameina mat á öllum sjávarafurðum undir eina stjórn. Nefndin hélt marga fundi um málið og boðaði á sinn fund til viðræðna um það flesta þá, sem haft hafa að gera með mat á sjávarafurðum undanfarin ár, auk þeirra, sem sæti áttu í nefndinni.

Nefndin ræddi málið meðal annars við þessa menn: Ásgeir Þorsteinsson verkfræðing, framkvæmdastjóra Lýsissamlags ísl. botnvörpunga, Jón L. Þórðarson, formann Sildarútvegsnefndar, prófessor Trausta Ólafsson, yfirlýsismatsmann, Magnús Vagnsson sildarmatsstjóri o. fl. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að sameining mats á öllum sjávarafurðum undir eina stjórn væri ekki tímabær, eins og sakir standa. Hins vegar telur nefndin það æskilegt, að í framtíðinni yrði stefnt að því að sameina mat á sjávarafurðum undir eina stjórn. Telur hún, að það mundi efla samvinnu milli hinna ýmsu matsgreina og auka samræmi í matinu.

Nefndin er aftur á móti á einu máli um það, að rétt sé að sameina mat á öllum fiski, þ. e. saltfiski, ísvörðum fiski, freðfiski og harðfiski, undir eina stjórn og fela sama yfirfiskmatsmanni yfirmat og eftirlit með mati á öllum fiski. Mundi sam-

eining núverandi saltfisks- og ísfisksmats, skreiðarmats og freðfisksmats hafa í för með sér verulegan sparnað fyrir hið opinbera, sem má áætla, borið saman við útgjöld við fiskmatið árið 1947, um 165 000 kr. á ári. Telur nefndin, að af þessari sameiningu matsins þurfi ekki að leiða lakara eftirlit með framleiðslunni eða lakari vöruvöndun, en forðast ber allt, sem gæti leitt til þess, að íslenski fiskurinn missi það álit, sem hann hefur unnið sér á erlendum mörkuðum. Hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að tekin verði upp sú skipan á stjórn og framkvæmd fiskmatsins, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Til skýringar skal hér gerð grein fyrir því, hvernig stjórn og framkvæmd fiskmatsins í landinu er nú háttað.

Matsgreinarnar eru þrjár:

I. Mat á saltfiski og ísvörðum fiski.

Því mati stjórnar fiskimatsstjóri, og hefur hann skrifstofu í Reykjavík. Auk hans starfa svo að því mati fimm yfirmatsmenn, einn í hverjum landsfjórðungi og einn í Vestmannaeyjum. Undirmat í verðstöðvunum hafa með höndum matsmenn, sem launaðir eru af framleiðendum eða útflytjendum.

II. Mat á freðfiski.

Því stjórnar freðfisksmatsstjóri, og hefur hann einnig sérstaka skrifstofu í Reykjavík.

Auk hans starfa að því mati fimm yfirfreðfisksmatsmenn, er ferðast um landið til eftirlits.

Undirmat hafa með höndum löggiltir matsmenn, sem eru launaðir af framleiðendum. Eru þeir oft jafnframt verkstjórar við hraðfrystihúsin.

III. Skreiðarmat.

Það annast skreiðarmatsstjóri. Hann hefur enga launaða menn sér til aðstoðar.

Í frumvarpinu er lagt til, að þessar þrjár matsgreinar verði sameinaðar. Matinu stjórnir einn fiskimatsstjóri, er hafi skrifstofu í Reykjavík. Auk hans vinni að matinu sjö yfirfisksmatsmenn. Einn á Vestfjörðum, einn á Norðurlandi, einn á Austurlandi, einn í Vestmannaeyjum og þrír á Suð-Vesturlandi með búsetu í Reykjavík. Undirmat í verðstöðvunum verði fyrst í stað að mestu óbreytt frá því, sem nú er.

Kostnaður við mat á fiski árið 1947 var sem hér segir, sundurliðaður eftir matsgreinum.

I. Mat á saltfiski og ísvörðum fiski:

1. Laun fiskmatsstjóra og 5 yfirmatsmanna	kr. 134 459.56
2. Ferða- og skrifstofukostnaður fiskmatsstjóra	— 29 158.48
3. Ferða- og símakostnaður yfirmatsmanna	— 25 000.00

Samtals kr. 188 618.04

II. Mat á freðfiski:

1. Laun freðfisksmatsstjóra og 5 yfirmatsmanna	kr. 149 310.00
2. Skrifstofu- og ferðakostnaður	— 157 000.00

Samtals kr. 306 310.00

III. Skreiðarmat:

1. Laun skreiðarmatsstjóra	kr. 26 460.00
2. Ferðakostnaður	— 2 000.00

Samtals kr. 28 460.00

Kostnaður við fiskmatið alls árið 1947 kr. 523 388.04.

Sparnað við það að taka upp þá skipan á stjórn og framkvæmd fiskmatsins, sem lagt er til í frumvarpinu, mætti áætla sem hér segir:

1. Laun tveggja matsstjóra	kr. 52 920.00
2. Skrifstofu- og ferðakostnaður eins matsstjóra	— 35 000.00
3. Laun þriggja yfirmatsmanna	— 64 800.00
4. Ferða- og símakostnaður þriggja yfirmatsmanna og skreiðar- matsstjóra	— 15 000.00

Sparnaður alls kr. 167 720.00

Í eldri lögum voru umdæmi yfirmatsmanna bundin við ákveðin takmörk, t. d. náði umdæmi yfirfiskmatsmannsins í Reykjavík frá Þjórsá vestur að Öndverðanesi, sbr. 3. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931.

Í þessu frumvarpi eru umdæmin ekki bundin við föst takmörk. Þykir eigi ástæða til þess, en aftur á móti væri óheppilegt að geta ekki fært til umdæmaskil, ef störf hlæðust sérstaklega á eitt umdæmi. Eftir að verksvið matsins hefur verið vikkað, svo sem hér er gert ráð fyrir, verður meiri hætta á þessu en áður. Enn fremur má geta þess, að ýmsar hinna stóru hafna, sem ráðgert er að byggja, kunna að raska mjög núverandi hlutföllum á milli umdæma. Einnig er ætlað til, að kalla megi yfirmatsmenn til starfa í öðru umdæmi, þegar þörf krefur og hann getur komið því við.

Þá hefur verið tekið upp annað nafn á matinu í þessu frumvarpi, og er það nefnt fiskmat í stað fiskimats. Orðið fiskmat er myndað hliðstætt og fiskveiðar, fiskverkun o. s. frv. Virðist réttara að kenna matið við fisk, en ekki fiski, sem þýðir afli eða veiði, eins og kunnugt er.

Í upphafi 12. gr. segir, að einn fiskmatsmaður skuli vera við hverja fiskverkunar- eða vinnslustöð, og á þetta einkum við um hraðfrystihús og aðrar skyldar framleiðslustöðvar, en auk þess er gert ráð fyrir, að á hverjum útflutningsstað fyrir nýjan fisk, saltfisk eða harðfisk (skreið) séu eins margir fiskmatsmenn fyrir þessar tegundir og þörf er á.

Í sömu grein er gert ráð fyrir, að með fisktökuskipum séu sendir hleðslustjórar, er sjái um hleðslu skipsins. Bæði í eldri og í þessum fiskmatslögum segir, að yfirfiskmatsmenn skuli hafa umsjón með hleðslunni, en þetta er að nokkru úrelt ákvæði, þó sjálfsagt þyki, að þeir hafi hér einnig ábyrgð. Það eru áratugir síðan farið var að senda umsjónarmann með nærri hverju skipi og umsjón yfirfiskmatsmanna er þá aðeins yfirumsjón við meðferð fisksins á leiðinni að skipshlið og nær naumast til lestarrúmsins, nema sérstaklega standi á. Þetta er eðlileg afleiðing þess, að með skipinu fara oftast margar tegundir af fiski og frá mörgum höfnum. En svo þarf að raða þessum ýmsu tegundum til fleiri hafna erlendis á hagkvæman hátt. Ef þetta á að takast, verður að skipuleggja hleðsluna, áður en byrjað er að hlaða. Þetta er nokkuð margþætt verk og getur ekki orðið í góðu lagi, nema sami maður sjái um hleðslu á öllum farminum. Fjórir til fimm yfirfiskmatsmenn, sem hver tekur við umsjón hleðslunnar af öðrum, geti ekki haft tök á þessu. Nú er ætlað til, að hleðslustjórar séu löggiltir á sama hátt og fiskmatsmenn og þeim ákveðin laun í erindisbréfi. Farameigandi greiðir laun þeirra.

Þá er í sömu grein gert ráð fyrir, að veitt verði í fjárlögum hverju sinni fé til eftirlits með því, að ýmsum ákvæðum reglugerða, er snerta fiskmat og fiskverkun, sé fylgt. Þetta eftirlit er ekki nýtt og verður þó með stórbreyttum háttum við vinnslu og útflutning enn þá nauðsynlegra en áður. Meðan nær öll fiskframleiðsla var saltfiskur og mest af honum þurrkað til útflutnings, var ekki eins nauðsynlegt að hafa strangt eftirlit með hráefninu, nýja fiskinum. Öðru máli gegndi að vísu um óþurrkaðan saltfisk, sem er erfitt að meta rétt, ef um lélega vöru er að ræða. En jafnvel á þeim tímum var óhjákvæmilegt fyrir yfirfiskmatsmann að njóta aðstoðar fiskmatsmanna á útflutningshöfnum, þar sem nokkuð var um að vera, og frá því

árið 1924 fengu fiskmatsmenn víða nokkra þóknun úr rikissjóði fyrir þessi auka-störf, frá 100 til 500 kr. á ári á hverjum stað, en ekkert í hinum smærri útgerðarstöð-um. Laun fiskmatsmanna eru annars tímakaup frá fiskeigendum, meðan þeir eru að flokka og pakka fiskinn og við talningu og umsjón með útskipun.

Með hinum breyttu framleiðsluháttum nú er ekki hægt að framleiða útgengi-lega vöru, nema hún sé unnin úr alveg nýjum og vel meðförnum fiski, enda er því haldið fram við kaupendur, að á þessu sviði hafi engin þjóð skilyrði til að standa okkur framar. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að til þess að þetta geti orðið, þarf að gera margar ráðstafanir, sem ekki voru nauðsynlegar áður. Er nú í gildi fjöldi opinberra fyrirmæla, sem eru ekki eingöngu miðuð við þá nauðsyn, að fiskur-inn sé nýr, heldur einnig við það, að allri meðferð fisksins fór mjög aftur á stríðs-árunum. Það er því mikil þörf umbóta, bæði á auknu eftirliti og bættum áhöldum og meðferð. Með heimild í 16. gr. frv. er ætlað til, að núgildandi reglur séu endurskoð-aðar og við þær bætt, en þá er óhjákvæmilegt, að daglegt eftirlit sé með framkvæmd þeirra í flestum eða öllum veiðistöðvum landsins. Þetta er ætlað til, að einn fiski-matsmaður geri á hverjum stað og fái fyrir það einhverja þóknun. Þar sem yfir-fiskmatsmenn eru búsettir, er ætlað til, að þeir hafi þetta eftirlit án aðstoðar.

Eins og áður segir, er þessi þóknun fyrir eftirlit ekki tilkomin með þessum lög-um. Hún hefur verið nauðsynleg undanfarin ár. Alþingi hefur þó ekki fallið á að laka upp fjárveitingu í þessu skyni, enda þótt fiskimatsstjóri hafi gert tillögur um það í áætlunum þeim, er hann hefur gert um kostnað við fiskimat. En hann hefur orðið að greiða 3000—6750 krónur á ári í þessu skyni af þeirri fjárhæð, er honum var áætluð í fjárlögum til skrifstofukostnaðar.

Fleira réttlætir þessa þóknun til matsmanna en hér hefur verið talið. Það er, að sögn fiskmatsstjóra, orðið mjög erfitt og jafnvel ekki hægt að fá fiskmatsmenn til að starfa gegn því, að þeir fái aðeins kaup fyrir stundavinnu við fiskmat. Búið er við, að auðveldara yrði að ráða fram úr þessu, ef einnig yrði um einhverja þóknun að ræða fyrir eftirlit.

Í 19. gr. er lagt til, að lagðar verði niður allar núverandi stöður við fiskmatið og síðan skipað á ný í þær stöður, sem lögboðnar verða, ef frumvarpið nær fram að ganga.

Einn nefndarmanna, Sveinn Árnason fiskimatsstjóri, gerir eftirfarandi athuga-semdir við 15. gr.

„Í grein þessari eru fiskmatsstjóra ætlaðar framkvæmdir, sem honum verður erfitt að inna af hendi nema að litlu leyti, með því aðalstarfi, sem honum er fyrst og fremst ætlað að sinna. Hér er fyrir hendi hlutverk handa sérstakri stofnun, sem ég álit fulla nauðsyn á að koma á fót. Ég hef á fundum í nefndinni minnt á, að koma þurfi upp tilrauna- og rannsóknarstöð fyrir sjávarútveginn, og vildi koma fyrir í frumvarpinu lagagrein um, að slík rannsóknarstöð yrði stofnuð. En þetta þótti ekki fært, og fellst ég á, að það yrði að gera með sérstökum lögum, en ekki með einni grein í fiskmatlögum. En ég vil leggja áherzlu á, að ég tel slíka stofnun nauðsyn-lega og finnst það merkilegt, að hún skuli ekki vera orðin til fyrir löngu. Að til-hlutun hins opinbera hefur lítið verið gert í þessu efni og helst það, að heimilaður er aðgangur að Atvinnudeild háskólans til efna- og gerlarannsóknna. Fjöldi hagnýtra atriða í fiskframleiðslu hafa aldrei verið rannsökuð, svo að framleiðendur gætu fengið fræðslu um þau, og er skemmst að minnast þeirra vonbrigða, er margir urðu fyrir síðastliðið ár við framleiðslu svo gamalþekktar vöru sem saltfisks. En svo virðist sem margir framleiðendur hafi haft takmarkaðar eða beinlínis skakkar hugmyndir um útkomu á þeirri framleiðslu. Stofnun rannsóknarstöðvar fyrir sjávarútveginn er ekki nein ný hugmynd. Í yfir þrjátíu ár hafa slíkar tilraunastöðvar verið reknar af norska ríkinu og almenningur átt aðgang að niðurstöðum þeirra. Þetta er mörgum hér kunnugt, og nokkrir þeirra hafa fýst þess, að hér yrði komið upp svipaðri stofn-un. Í greinargerð með fiskmatlögum frá 1931 komst nefnd sú, er samdi þau, svo að orði:

„Nefndin vill að endingu geta þess, að hún telur mikla nauðsyn á því, að gerðar séu margvíslegar rannsóknir, er að því líta, hvað hagkvæmast sé í ýmsu því, er snerfir verkun og geymslu fiskjar, saltnotkun o. fl. Nefndin hefur ekki séð sér fært að setja nein fyriræli um þetta í matslögin, en væntir þess, að ekki verði lengi látið undir höfuð leggjast, að hið opinbera eigi frumkvæði að slíkum rannsóknum.“

Í nefnd þessari áttu sæti: Lárus Fjeldsted, Ólafur Thors, Kristján Bergsson, Jón Ólafsson og Jón Magnússon.

Þá hef ég oft áður hreyft þessu máli bæði í ræðu og riti. Hér læt ég nægja að taka upp niðurlag af bæklingi, er ég gaf út „Um saltfisksframleiðslu“ árið 1941, en þar segir:

„Norðmenn hafa haft skipulagsbundnar rannsóknir í þessum efnum og t. d. rekið tvær tilraunastöðvar til þess að athuga, hvað bezt gefist við saltfiskframleiðslu, og varið til þess miklu fé. Hér hefur ekkert slíkt verið gert, og þó var saltfisksframleiðsla okkar um skeið helmingi meiri en þeirra.

Menn vita auðvitað, að eitt atriði í fiskverkun er hentugra eða hagkvæmara en annað. En hvað munar miklu, ef það er framkvæmt öðruvísi? Það vita menn ekki með neinni vissu. Hvaða áhrif hefur ýmisleg meðferð á útkomuna? Hvort er betra að salta fiskinn mikið eða spara saltið? Auðvitað mikið, segja menn, fiskurinn verður betri og þyngri. En hvað mikið betri og hvað mikið þyngri, og hvað kostar saltaukningin? Hvort er betra að staflasalta eða pækilsalta? Hvort er betra að pressa fiskinn mikið og salta svo minna eða pressa lítið og þurrka meira? Menn grunar eða vita þetta og hitt um svona einfaldar spurningar, en fáir eða engir hafa rannsakað svona atriði með nákvæmni og þaðan af síður látið öðrum í té athuganir sínar. Þannig er um ótal margt, sem menn hafa slegið föstu sem góðum og gildum liðum í réttri verkun. En hvað munar miklu að gera þetta öðruvísi og máske betur, og hvað munar miklu að gera þetta öfugt og illa? Þetta eru rannsóknarefni, og niðurstöður af slíkum rannsóknum, jafnvel smámunum, geta haft mikla þýðingu til bóta og viðvörunar.

Það er vottur um einkennilegt tómlæti, að ekkert skuli hafa verið gert af hálfu hins opinbera til þess að ýta undir hagnýtar athuganir, sem komið gætu að almennum notum við framleiðslu, sem þjóðin bæði hefur átt og á svo mikið undir.“

Ég veit ekki, hvað mörg tilraunabú og rannsóknarstofnanir eru reknar á kostnað ríkisins vegna landbúnaðarins, en ég þykist þó vita, að stofnkostnaður þeirra sé einhverjar milljónir króna og árlegur rekstur kosti álitlegar fjárfúlgur. Það gæti því naumast talizt ofrausn, þó einni slíkri stofnun væri komið á fót vegna sjávarútvegsins.“

Jón A. Jónsson er sammála Sveini Árnasyni um brýna nauðsyn þess, að sjávarútvegurinn fái slíka stofnun sem Norðmenn hafa og þar heitir „Fiskeridirektoratets Kjemisk-Tekniske Forskningsinstitut“ og telur, að slík stofnun ætti að heyra undir Fiskifélag Íslands, enda ætti Fiskifélag Íslands að hafa sams konar verkefni og norska Fiskeridirektoratet.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Fiskifélags Íslands um frumvarpið, og er svarbréf þess prentað hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 26. febr. 1948.

Á fundi sínum 25. þ. m. tók stjórnin fyrir bréf hins háa ráðuneytis, dags. 19. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um meðfylgjandi frv. til laga um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Samþykkti stjórnin eftirfarandi:

„Stjórnin telur frumvarp það um fiskmat o. fl., sem atvinnumálaráðuneytið hefur sent til umsagnar með bréfi dags. 19. þ. m., ganga í rétta átt, svo sem bent hefur verið á af fiskiþingi og stjórn félagsins, þar sem ráðgert er að sameina allt mat á salt-, freð- og harðfiski undir eina og sömu stjórn. Er stjórnin því meðmælt, að því skipulagi verði komið á fiskmatið, sem þar er gert ráð fyrir. Þó vill stjórnin benda á, að hún telur réttara að setja í stað „atvinnudeildar háskólans“, þar sem það kemur fyrir „fiskiðnaðardeild Fiskifélagsins“, með því að flestar veigamestu rannsóknir á sviði fiskiðnaðar fara þar fram og hafa farið þar fram. Að öðru leyti sér stjórnin ekki ástæðu til að gera tillögur til breytinga á frumvarpinu.“

Virðingarfyllst.

Davið Ólafsson.